
Dýpkunarframkvæmdir á Viðeyjarsundi við Sundahöfn og gerð landfyllinga

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 12. janúar 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga Faxaflóahafna að matsáætlun vegna fyrirhugaðra dýpkunarframkvæmda og gerð landfyllinga í Sundahöfn, Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 2.01 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Orkustofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Þróun Sundahafnar. Tillaga að matsáætlun. Faxaflóahafnir og Efla, 11.01 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Reykjavíkurborg þann 10. febrúar 2021
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 10. febrúar 2021
- Hafrannsóknastofnun þann 18. febrúar 2021
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 3. febrúar 2021
- Orkustofnun þann 4. febrúar 2021
- Umhverfisstofnun þann 2. febrúar 2021
- Vegagerðinni þann 2. febrúar 2021

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Íbúasamtökum Laugardals þann 4. febrúar 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 22. febrúar 2021.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Faxaflóahafna að matsáætlun eru kynnt áform um dýpkanir á Viðeyjarsundi, gerð landfyllinga í Sundahöfn og efnislosun við Engey og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Forsaga

Frá aldamótum hafa Faxaflóahafnir unnið umhverfismat eða fyrirspurn um matsskyldu vegna eftirfarandi verkefna:

- 2000: Dýpkun Sundahafnar. Frummat á umhverfisáhrifum.
- 2002: Skarfagarður og Skarfabakki í Sundahöfn. Mat á umhverfisáhrifum.



- 2011: Hafnargerð í Sundahöfn í Reykjavík – Skarfabakki 2. áfangi. Fyrirspurn um matsskyldu. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- 2013: Hafnargerð í Sundahöfn í Reykjavík – Hafnargerð utan við Klepp. Fyrirspurn um matsskyldu. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- 2018: Viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna 2019-2023. Fyrirspurn um matskyldu. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- 2020: Dýpkun Sundahafnar – Utan Sundabakka. Fyrirspurn um matskyldu. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í tillögu Faxaflóahafna kemur fram að í heildina sé áætlað að taka um 3.150.000 m³ af efni af hafsbotni við dýpkun Viðeyjarsunds. Þá er fyrirhugað er að lengja Skarfabakka til suðurs, færa Kleppsbakka utar og lengja Sundabakka og Vogabakka svo að þeir nái saman. Við Klettagarða verður gerð landfylling utan við skólphreinsistöð Veitna. Heildarefnispörf allra landfyllinga er metin um 2 milljónir m³. Með framkvæmdunum verða aflagðir hafnarbakkar sem eru alls 770 m að lengd en nýir bakkar verða í heildina 960 m langir. Framkvæmdum er aðallega ætlað að auðvelda móttöku stærri skipa, einkum nýrra flutningaskipa en einnig til að taka á móti stærri skemmtiferðaskipum.



Mýnd 1 Framkvæmdasvæðið (Úr tillögu að matsáætlun)

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Faxaflóahafna eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Efnismál – Efnislosun í landfyllingar og í sjó

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að umframefni úr dýpkunarframkvæmdum sem ekki er hægt að nýta í landfyllingar verður að hluta losað í sjóinn í gamlar efnisnámur norðvestan við Engey. Ætlunin sé hins vegar að koma dýpkunarefni sem mest fyrir í landfyllingum og það sem kemst ekki í landfyllingar hjá Faxaflóahöfnum verður reynt að nýta í landfyllingar Reykjavíkurborgar og nálægra sveitarfélaga. Þá kemur fram í tillögunni og svörum Faxaflóahafna að framkvæmdir muni ná yfir margra ára tímabil og erfitt að segja nákvæmlega til um hvaðan efni fáist í landfyllingar fyrir utan það efni sem kemur úr dýpkunarframkvæmdum en það efni sé þó einungis hæft í undirfyllingu.

Ljóst er að um mikið efnismagn er að ræða vegna dýpkana á Viðeyjarsundi. Til þess að fá hugmynd um nýtingu þess mikla magns efnis sem fellur til við dýpkun telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi, auk umfjöllunar um áætlaða áfangaskiptingu framkvæmda, að vera upplýsingar um áætlað magn efnis úr dýpkunarframkvæmdum sem mun verða notað í landfyllingar í Sundahöfn og við Klettagarða auk áætlana um það magn dýpkunarefnis sem nýtt væri til annarra framkvæmda. Þá þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir botngerð á því svæði sem efnið verður losað á við Engey og áætlað efnislosunarmagn.



Áhrifasvæði – Grugg – Áhrif á fugla og laxfiska

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Þar kemur fram að við afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðrasks sé miðað við 50 metra svæði út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa bent á að grugg geti borist út fyrir skilgreint áhrifasvæði og að skoða þurfi áhrif gruggs m.a. í ljósi þess að mengun kann að vera í botnseti. Náttúrufræðistofnun og Reykjavíkurborg benda á mikilvægi þess að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf verði metin.

Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi ítarlega um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á göngur laxfiska um framkvæmdasvæðið og sérstaklega hvort ástæða sé til að ráðast í raunhæfar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum, t.d. þannig að framkvæmdatími taki mið af göngum laxfiska um svæðið.

Reykjavíkurborg bendir á að ljóst sé að grugg vegna framkvæmda við dýpkun eða landfyllingar getur haft neikvæð áhrif á laxfiska, sér í lagi seiði sem séu viðkvæmari. Bent er á að þó engin óröskuð svæði á landi verði fyrir beinum áhrifum þá séu hafflötur og grunnsævi mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir ýmsar tegundir sjófugla á öllum árstímum, ekki síst á veturna. Með landfyllingum er gengið á þessi svæði og þau minnka.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að hafflötur sem gengið er á sé tæpast mikilvægur fuglum. Langstærsta landfyllingin er lenging Skarfabakka sem að fyllir upp í hjarta Sundahafnar þar sem eru hafnarbakkar á þrjár hliðar og mjög mikil skipaumferð og hafnarumsvif. Fram kemur í svörunum að sem mótvægisáðgerð verði gruggi haldið í lágmarki í maí og júní þegar gönguseiði ganga til sjávar.

Skipulagsstofnun bendir á að um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að muni standa yfir í nokkuð langan tíma með óhjákvæmilegum áhrifum á umhverfið, þ.m.t. á fuglalíf. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um fuglalíf á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og leggja mat á áhrif dýpkana, gerð landfyllinga og efnislosunar norðvestan Engeyjar á fuglalíf. M.a. þarf að leggja mat á útbreiðslu gruggs og möguleg áhrif þess á lífríki, þ.á.m. fugla en fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Bent hefur verið á í umsögnum að auk þessa er umhverfi Engeyjar, þar sem fyrirhugað efnislosunarsvæði er staðsett, mikilvægt búsvæði fyrir sjávarlífverur og meðal annars fæðuöflunarsvæði sjófugla t.d. lunda sem er á valista.

Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að leggja mat á möguleg áhrif á göngur laxfiska þ.m.t. áhrif gruggs þar sem allir laxfiskar á leið í Elliðaárnar fara um eða rétt fram hjá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, auk þess sem seiði á leið til sjávar gera það einnig. Gera þarf ítarlega grein fyrir mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á laxfiska og fugla, bæði hvað varðar tilhögun framkvæmda sem og tímasetningu þeirra.

Botnset og hugsanleg mengun þess

Reykjavíkurborg bendir á að gruggmyndun getur valdið tímabundinni mengun þegar set blandast sjó og haft neikvæð áhrif á lífverur, einkum fiska og botndýr en alvarlegast sé þó ef mengunarefni í botnseti dreifist innan og út af framkvæmdasvæðinu. Grundvallaratriði sé að umfang mengunar í botnseti sé metið á öllu dýpkunarsvæðinu. Þá er bent á að ef efni sem reynist mengað verður notað í landfyllingar þá þarf að tilgreina vandlega hvernig það verður gert þannig að engin hætta stafi af því.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að mengað efni verður lokað af innanlega í landfyllingum í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum mælinga á mengun í botnseti m.t.t. viðmiðunargilda á styrk mengandi efna í dýpkunarefni og gera ítarlega grein fyrir hvernig verði farið með dýpkunarefni sem reynist það mengað að ekki megi varpa því í hafið, skv. leiðbeiningum



Umhverfisstofnunar, og eftir atvikum ekki unnt að nýta í landfyllingar. Þá þarf í frummatsskýrslu að greina frá hvernig verði staðið að því að flytja mengað efni sem unnt er að losa í landfyllingar og koma því fyrir án þess að það mengi út frá sér.

Hávaði

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á í umsögn að meta þurfi áhrif hávaða sem berst frá breyttu hafnarsvæði til íbúðarbyggðar og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr hávaðamengun í ljósi kvartana sem eftirlitinu hafa borist um ónæði og hávaða sem veldur næturtruflun í nærliggjandi íbúðarhverfum.

Í athugasemdum Íbúasamtaka Laugardals en jafnfram bent á að nú þegar sé hávaðamengun frá hafnarsvæðinu orðin verulegt vandamál bæði að nóttu sem degi og einnig umferð vöruflutningabifreiða.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að nýlega hefur verið komið upp hljóðmæli í Sundahöfn til að mæla hljóð sem berst frá hafnarsvæðinu. Hægt verður að sjá í fyrrnefndum mæli hvort einhver breyting eigi sér stað á meðan framkvæmdum standur. Einnig eru fyrirhugaðar mælingar á vegum Faxaflóahafna þar sem mæla á hljóð frá hafnarsvæðinu og verður skýrsla gefin út með niðurstöðum þeirra. Ef niðurstöður verða á þá leið að þörf sé fyrir nánari greiningu á hvernig hljóðvist verður vegna þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru verður farið í þá greiningu og mat lagt á mótvægisáðgerðir ef þörf er á í frummatsskýrslunni. Komi í ljós á rekstartíma að hávaði sé yfir leyfilegum mörkum munu Faxaflóahafnir reyna að finna upptök hljóðsins hverju sinni og grípa til mögulegra mótvægisáðgerða.

Skipulagsstofnun telur að Faxaflóahafnir þurfi að standa fyrir mælingum á hávaða sem berst frá hafnarsvæðinu miðað við núverandi aðstæður og leggja mat á mögulega hækkun hljóðstigs vegna fyrirhugaðra framkvæmda og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum ef þörf reynist á. Skýra þarf frá niðurstöðum fyrrnefndra mælinga og mats í frummatsskýrslu.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir öðrum valkostum. Allir innviðir eru til staðar og svæðinu hefur áður verið raskað. Strandlengjan er manngerð landfylling og koma landfyllingar að öllu leyti utan á núverandi hafnarbakka eða manngerða grjóttgarða. Stór hluti Viðeyjarsunds hefur verið dýpkaður áður og því er ekki um óraskaðan hafsbotn að ræða nema að litlu leyti. Enginn ávinningur felst því í að minnka landfyllingar eða fækka þeim auk þess sem þær eru tilvalin leið til að losa efni vegna dýpkunar á Viðeyjarsundi. Að dýpka minna er ekki möguleiki, þar sem um leið og byrjað er að dýpka er búið að raska botninum.

Reykjavíkurborg telur að fjalla mætti betur um valkosti og bera þá saman.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að árið 2013 hafi verið starfandi vinnuhópur um framtíðarhöfn við Faxaflóa og í þeirri vinnu hafi verið skoðaðir aðrir staðir en Sundahöfn sem kæmu til greina sem framtíðarhöfn, m.a. í Helguvík, á Keilisnesi, í Óttarsstaðalandi og á Grundartanga. Niðurstöður greininga hafi verið þær að tæknilega, veðurfarslega, öldufarslega, kostnaðarlega og umhverfislega sé það best að halda áfram með hafnarstarfsemi í Sundahöfn í stað þess að byggja nýja höfn frá grunni.

Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Þó að ekki sé um aðra valkosti m.t.t. staðsetningar að ræða telur Skipulagsstofnun mikilvægt að umhverfismat þróunar Sundahafnar verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif ólíkra valkosta. Slíkur valkostasamanburður getur s.s. snúið að áfangaskiptingu framkvæmda, umfangi, meðferð og losunarstöðum auk núllkosta, þ.e. að ekki verði af fyrirhuguðum framkvæmdum við Sundahöfn.



Samlegðaráhrif

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á í umsögn sinni að taka þurfi tillit til samlegðaráhrifa framkvæmda á svæðinu.

Faxaflóahafnir hafa bent á í svörum sínum að í þessu umhverfismati séu teknar saman allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Sundahöfn sem svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Reykjavíkurborgar gera ráð fyrir. Framkvæmdir munu dreifast yfir langan tíma og vera áfangaskiptar en fjallað er um þær allar í umhverfismatinu.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að nauðsynlegt sé að horft sé til sammögnunaráhrifa af öllum framkvæmdum á þessum slóðum, bæði af tímabundnum truflunum t.d. gruggi og varanlegri skerðingu á far- og dvalarsvæðum laxfiska. Bent er á að t.d. við Viðeyjarsund og í Elliðaárvogi hefur verið og er stefnt að landfyllingum og mikilli uppbyggingu. Þá er bent á í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands að Elliðavogur og Grafarvogur eru flokkaðir eru sem mikilvæg fuglasvæði og að umrædd framkvæmd nær inn á það svæði.

Ljóst er að talsverð uppbygging er fyrirhuguð í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Viðeyjarsundi og í Sundahöfn og að þessi heildaruppbygging kann að hafa neikvæð áhrif á laxfiska og fugla. Í frummatsskýrslu þarf því að fjalla um og leggja mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda með uppbyggingaráformum í Elliðavogi og við Gufunes, stækkun bryggjuhverfis og nýs Vogahverfis á laxfiska og göngur þeirra sem og á fuglalíf.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum er lokið, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Faxaflóahafna að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þurfa, auk umfjöllunar um áætlaða áfangaskiptingu framkvæmda, að vera upplýsingar um áætlað magn efnis úr dýpkunarframkvæmdum sem mun verða notað í landfyllingar í Sundahöfn og við Klettagarða auk áætlana um það magn dýpkunarefnis sem nýtt væri til annarra framkvæmda. Þá þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir botngerð á því svæði sem efnið verður losað á við Engey og áætlað efnislosunarmagn.
2. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um fuglalíf á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og leggja mat á áhrif dýpkana, gerð landfyllinga og efnislosunar norðvestan Engeyjar á fuglalíf. M.a. þarf að leggja mat á útbreiðslu gruggs og möguleg áhrif þess á lífríki, þ.á.m. fugla en fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.
3. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á möguleg áhrif á göngur laxfiska þ.m.t. áhrif gruggs þar sem allir laxfiskar á leið í Elliðaárna fara um eða rétt fram hjá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, auk þess sem seiði á leið til sjávar gera það einnig. Gera þarf ítarlega grein fyrir mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á laxfiska og fugla, bæði hvað varðar tilhögun framkvæmda sem og tímasetningu þeirra.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum mælinga á mengun í botnseti m.t.t. viðmiðunargilda á styrk mengandi efna í dýpkunarefni og gera ítarlega grein fyrir hvernig verði farið með dýpkunarefni sem reynist það mengað að ekki megi varpa því í hafið, skv.



leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, og eftir atvikum ekki unnt að nýta í landfyllingar. Þá þarf í frummatsskýrslu að greina frá hvernig verði staðið að því að flytja mengað efni sem unnt er að losa í landfyllingar og koma því fyrir án þess að það mengi út frá sér.

5. Skipulagsstofnun telur að Faxaflóahafnir þurfi að standa fyrir mælingum á hávaða sem berst frá hafnarsvæðinu miðað við núverandi aðstæður og leggja mat á mögulega hækkun hljóðstigs vegna fyrirhugaðra framkvæmda og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum ef þörf reynist á. Skýra þarf frá niðurstöðum fyrrnefndra mælinga og matsniðurstöðum í frummatsskýrslu.
6. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram samanburður á umhverfisáhrifum valkosta, s.s. áfangaskiptingu framkvæmda, umfangi, meðferð og losunarstöðum auk núllkosta, þ.e. að ekki verði af fyrirhuguðum framkvæmdum við Sundahöfn.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og leggja mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda með uppbyggingaráformum í Elliðavogi og við Gufunes, stækkun bryggjuhverfis og nýs Vogahverfis á laxfiska og göngur þeirra sem og á fuglalíf.
8. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa á framkvæmdatíma eftir að framkvæmdum er lokið, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 14. maí 2021.

Reykjavík, 12. apríl 2021

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson